


✉ Re: Ósk um umsögn vegna skipulagsmála á Hellnum, Snæfellsbæ

Búið til	8.4.2022 16:38:38
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.4.2022 16:38:37
Tilheyrir	 202203-0036 - Ósk um umsögn vegna skipulagsmála á Hellnum, Snæfellsbæ

Efni

Re: Ósk um umsögn vegna skipulagsmála á Hellnum, Snæfellsbæ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.4.2022 16:38:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	valgerdur@snb.is, skipulag@snb.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202119-0024 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 16. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæjar á Hellnum sem og tillögu að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna sama máls.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillögurnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um er að ræða áform um töluverða uppbyggingu. Annars vegar á átta smáhýsum ofan Akravegar (hvert hús um 40 fermetrar) og hins vegar hótélíbúðum (allt að 1000 fermetra byggingarmagn) neðan vegarins nálægt ströndinni ásamt bílastæðum en þar er fyrir ein bygging í dag.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki sérstaka athugasemd við byggingu smáhýsanna. Um óraskað svæði er að ræða og töluverða aukningu á fjölda bygginga á svæðinu, en gróðurfar svæðisins er ekki metið með hátt verndargildi og lóðirnar fyrir smáhýsin ekki nálægt viðkvæmum náttúrusvæðum.

Hins vegar telur stofnunin að uppbygging hótélíbúða neðan Akravegar sé óþægilega umfangsmikil miðað við nálægð að ströndinni sem er friðlýst svæði sbr. auglýsingu nr. 284/1988. Ströndin hefur mikið verndargildi vegna landslags, jarðmyndana og fuglalífs.

Þótt áætluð uppbygging valdi ekki raski á sjálfru friðlýsta svæðinu er hættu á að aukin umsvif og umferð á svæðinu valdi álagi, sér í lagi fyrir fuglalíf og annað lífríki. Meðal fuglategunda sem eru algengar á svæðinu má nefna ritu, svartbak og fleiri máfategundir, kríu, toppskarf og æðarfugl. Flestar af þessum tegundum eru á válista Náttúrufræðistofnunar vegna samdráttis í stofnstærð á landvísu. Fara þarf því mjög varlega þegar skipulag og framkvæmdir nálægt búsvæðum þeirra eru til umfjöllunar. Varðandi uppbygginguna á Gíslabæ eru það einna helst ritubygðir í björgum þar nálægt sem væru viðkvæmastar fyrir auknu álagi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Valgerður Hlín Kristmannsdóttir" <valgerdur@snb.is>

To: "Magnús Aðalsteinn Sigurðsson" <magnus@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Axel Benediktsson" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <eftirlit@hev.is>; "vignirmar@grundarfjordur.is" <vignirmar@grundarfjordur.is>; "Björg Ágústsdóttir" <bjorg@grundarfjordur.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Slökkvilið Snæfellsbæjar" <slökkvilid@snb.is>; "Björn Sverrisson" <bjosve@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>

CC: "Hildigunnur Haraldsdóttir" <hildo@husk.is>

Subject: Ósk um umsögn vegna skipulagsmála á Hellnum, Snæfellsbæ

Date: 16.3.2022 15:28:40

Komið þið sæl

*Vakin er athygli á að tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum og tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæjar voru auglýstar frá 20.01.2022 með athugasemdafresti til 10.03.2022. Ef talin er ástæða til að gera umsögn eða koma athugasemdum á framfæri er óskað eftir að þær berist eigi síðar en **12. apríl 2022**.*

Gíslabær, deiliskipulagstillaga: <https://snb.is/frettir/nytt-deiliskipulag-vegna-ferdathjonustu-a-hluta-lands-gislabaejar/> (<https://snb.is/frettir/nytt-deiliskipulag-vegna-ferdathjonustu-a-hluta-lands-gislabaejar/>)

Gíslabær, tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031: <https://snb.is/frettir/breyting-adalskipulags-snaefellsbaejar-2015-2031-land-melabudar-i-og-hluti-lands-gislabaejar/>
(<https://snb.is/frettir/breyting-adalskipulags-snaefellsbaejar-2015-2031-land-melabudar-i-og-hluti-lands-gislabaejar/>)

**Með kveðju,
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir**

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær
Sími: 433-6900, fax: 433-6901

www.taeknideild-snb.is (<http://www.taeknideild-snb.is/>)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.

Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

Viðhengi

image001.png (5 KB)